



Ársreikningur Landsvirkjunar 2019

Ásættanleg afkoma við krefjandi ytri aðstæður

Helstu atriði ársreiknings

- Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði nam 173,3 milljónum USD (21,0 ma.kr.), en var 184,1 milljón USD á sama tímabili árið áður og lækkar því um 5,9% milli tímabila.¹
- Hagnaður tímabilsins var 112,7 milljónir USD (13,6 ma.kr.) en var 121,0 milljón USD á sama tímabili árið áður.
- Rekstrartekjur námu 509,6 milljónum USD (61,7 ma.kr.) og lækka um 24,3 milljónir USD (4,6%) frá sama tímabili árið áður.
- Nettó skuldir lækkuðu um 193,1 milljón USD (23,4 ma.kr.) frá áramótum og voru í árslok 1.691,5 milljónir USD (204,7 ma.kr.).
- Handbært fé frá rekstri nam 295,8 milljónum USD (35,8 ma.kr.) sem er nánast óbreytt frá árinu áður.

Hörður Arnarson, forstjóri:

„Rekstur Landsvirkjunar litaðist af erfiðum ytri aðstæðum á árinu 2019, eins og árið áður. Afurðaverð stórra viðskiptavina var lágt og hafði það neikvæð áhrif á tekjur, enda er hluti samninga enn bundinn við þróun álverðs. Þá varð tekjutap upp á um 16 milljónir dollara af stöðvun kerskála þrjú hjá álveri Rio Tinto í Straumsvík.

Þótt óveðrið í desember hafi ekki valdið truflunum í rekstri aflstöðva Landsvirkjunar hafði það áhrif á rekstur Landsnets, sem er hluti af samstæðu Landsvirkjunar. Atburðarásin í desember staðfestir að brýn þörf er á því að styrkja flutningskerfi raforku á Íslandi.


Áfram gekk vel að lækka nettó skuldir, sem eru nú komnar niður í 1.691 milljón Bandaríkjadala og lækkuðu um 193 milljónir á árinu. Matsfyrirtækið Moody's hækkaði lánshæfiseinkunn fyrirtækisins á árinu og S&P Global Ratings breytti horfum á sinni einkunn úr stöðugum í jákvæðar. Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði, sem er sá mælikvarði sem Landsvirkjun horfir til við mat á grunnrekstri fyrirtækisins, var ásættanlegur miðað við aðstæður, en lækkaði um 5,9% milli ára.“

¹ Til viðmiðunar eru sýndar íslenskar krónur, notast var við gengi USD/ISK 121




Rekstur

Þróun rekstrartekna



Rekstrartekjur halda áfram að vera sterkar í sögulegu samhengi þrátt fyrir 4,6% lækkun frá fyrra ári, sem var sterkasta ár í sögu Landsvirkjunar. Nokkrir af stærstu viðskiptavinum Landsvirkjunar hafa þurft að glíma við erfiðar rekstraraðstæður en afurðaverð þeirra hefur farið lækkandi á árinu. Veiking gengis íslensku krónunnar hefur haft neikvæð áhrif á tekjur frá heildsölumarkaði.


EBITDA og EBITDA hlutfall



Rekstrarhagnaður samstæðunnar fyrir afskriftir, EBITDA, nam 375 m. USD árið 2019 en var 390 m. USD á sama tímabili árið áður. Rekstrargjöld í íslenskum krónum mynda náttúrulega gengisvörn gegn heildsölutekjum.




Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði



Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði er sá mælikvarði sem Landsvirkjun horfir til við mat á grunnrekstri fyrirtækisins. Hagnaðurinn hefur þróast í takt við rekstrartekjur og nam 173 m. USD árið 2019 og lækkar um 5,9% milli ára.

Áhrifaþættir á hagnað fyrir óinnleysta fjármagnsliði árið 2019




Sterk eiginfjárstaða


Fjármunamyndun fyrirtækisins (handbært fé frá rekstri) var um 296 m. USD á árinu og er sambærilegt fyrra ári. Nettó skuldir (vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé fyrirtækisins) hafa lækkað um 193 m. USD frá áramótum. Eiginfjárhlutfall hefur nú náð 51% í fyrsta skipti í sögu fyrirtækisins.



Nettó skuldir og eiginfjárhlutfall



Handbært fé frá rekstri heldur áfram að vera sterkt og mun Landsvirkjun halda áfram að sýna ráðdeild í rekstri og hámarka verðmæti fyrir íslensku þjóðina. Handbært fé samstæðunnar nam 110 m. USD í lok desember 2019 og hefur lækkað um 6 m. USD frá áramótum.



Horfur í rekstri

Þrátt fyrir krefjandi ytri aðstæður heldur grunnrekstur fyrirtækisins áfram að dafna. Fjármunamyndun hefur verið sterk og verður áfram lögð áhersla á að greiða niður skuldir og að greiða arð til eiganda fyrirtækisins, íslensku þjóðarinnar. Markvisst hefur verið unnið að því að draga úr markaðsáhættu þar sem hlutfall fastra vaxta hefur verið aukið og dregið hefur verið úr gjaldmiðlaáhættu. Þá hefur verið dregið úr álverðsáhættu, annars vegar með samningum við nýja og núverandi viðskiptavini og hins vegar með notkun afleiðusamninga til áhættuvarna.

Reykjavík, 28. febrúar 2020

Nánari upplýsingar veitir:

Rafnar Lárusson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs

s. 515 9000



Um ársreikninginn

Ársreikningur Landsvirkjunar er gerður samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) og er hann í Bandaríkjadölum sem er starfrækslugjaldmiðill móðurfélagsins.

Helstu stærðir ársreiknings í þúsundum Bandaríkjadala:

	2019	2018	2017	2016	2015
Rekstur					
Rekstrartekjur	499.547	538.455	491.175	415.480	410.496
Innleystar áhættuvarnir tengdar álverði	10.047 (4.534) (8.098)	4.890	10.956
Rekstrartekjur samtals	509.594	533.921	483.077	420.370	421.452
Rekstrar- og viðhaldskostnaður	(134.307)	(144.041)	(137.503)	(118.630)	(99.932)
EBITDA	375.287	389.880	345.574	301.740	321.520
Afskriftir og virðisrýrnun	(134.779)	(125.448)	(127.086)	(118.571)	(115.554)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	240.508	264.432	218.488	183.169	205.966
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	(67.231)	(80.178)	(64.844)	(60.045)	(73.418)
Áhrif hlutdeildarféлага	(27)	(179)	(228)	(5.448)	(1.921)
Hagnaður fyrir óinnleysta fjármagnsliði	173.250	184.075	153.416	117.676	130.627
Óinnleystir fjármagnsliðir:					
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða	(1.323)	(49.410)	84.494	21.164	(59.925)
Gangvirðisbreytingar annarra afleiða	(8.011)	24.878	(12.990)	(1.269)	5.466
Óinnleystur gjaldeyrismunur	8.290	21.014	(60.745)	(23.314)	47.657
	(1.044)	(3.518)	10.759	(3.419)	(6.802)
Hagnaður fyrir tekjuskatt	172.206	180.557	164.175	114.257	123.825
Tekjuskattur	(59.529)	(59.528)	(56.211)	(47.437)	(39.652)
Hagnaður	112.677	121.029	107.964	66.820	84.173
Efnahagur					
Eignir samtals	4.381.633	4.451.081	4.506.392	4.332.864	4.284.703
Eigið fé samtals	2.235.399	2.163.056	2.063.112	1.969.088	1.916.634
Skuldir samtals	2.146.234	2.288.025	2.443.280	2.363.776	2.368.069
Nettó skuldir	1.691.462	1.884.603	2.042.642	1.960.497	1.985.411
Lykiltölur					
Handbært fé frá rekstri	295.764	295.761	277.937	229.827	248.955
Fjárfestingar	(82.420)	(150.864)	(253.740)	(172.277)	(77.486)
Fjármögnun	(218.261)	(151.876)	(45.282)	(59.305)	(235.465)
Lausafé og óádragin lán alls	290.487	469.433	547.907	616.982	502.951
Eiginfjárlutfall	51,0%	48,6%	45,8%	45,4%	44,7%
Arðsemi eiginfjár	5,2%	5,9%	5,5%	3,5%	4,9%
Vaxtaþekja (EBITDA/nettó vaxtagjöld)	5,54x	4,76x	5,53x	5,15x	4,60x
Nettó skuldir / EBITDA	4,51x	4,83x	5,91x	6,50x	6,18x

Um Landsvirkjun

Landsvirkjun var stofnuð árið 1965 og er orkufyrirtæki í eigu íslensku þjóðarinnar. Hlutverk Landsvirkjunar er að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Fyrirtækið vinnur um 70% allrar raforku á Íslandi úr endurnýjanlegum orkugjöfum, vatnsafla, jarðvarma og vindi. Um leið er fyrirtækið leiðandi í sjálfbærri nýtingu orkugjafa og stuðlar að aukinni þekkingu, nýsköpun og tækniþróun.